



Fundur í byggingar- og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps í Végarði 10. júlí 2015 kl. 16:00.

Fundarmenn:

Eiríkur J. Kjerúlf, formaður

Helga H. Vigfúsdóttir

Jón Þór Þorvarðarson

Sveinn Þórarinsson, byggingarfulltrúi

1. Laugarfell. Starfsmannahús.

Highland Hostel kt. 591212-0440 leggur fram byggingarnefndarteikningar af starfsmannahúsi við Laugarfellsskála og sækir um framkvæmdaleyfi fyrir byggingunni. Húsið er samsett úr TRIMO vinnubúðaeiningum þ.e. 4 stk sem hver um sig er 2,443 m á breidd og 6,056 m á lengd, heildarlengd hússins er 9,77 m og breiddin 6,056 m. Flatarmál er 59,2 m² og rúmmál 143,36 m³. Byggingarnefnd samþykkir framlagðar teikningar ásamt skráningartöflu og veitir umbeðið framkvæmdaleyfi. Starfsmannahúsinu er veitt stöðuleyfi til eins árs en stefnt er að því að skrá bygginguna í Þjóðskrá, þegar það verður gerlegt. Tafir á frágangi lóðarleigusamnings hefur komið í veg fyrir að mannvirkin við Laugarfell hafi verið skráð í Þjóðskrá.

2. Hóll.

Kynntar hugmyndir Þórhalls Þorsteinssonar um skemmubyggingu á Hóli. Endanlegar byggingarnefndarteikningar hafa ekki verið lagðar fram en frumdrög af skemmubyggingu liggja fyrir. Stærðir: L= 22,68 m og b= 14,28 m flatarmál fjárhúss 243 m², hesthúss 35 m² og starfmannaaðstaða 24 m².

3. Óbyggðasafn.

Kynnt umsögn byggingarfulltrúa um Óbyggðasetrið ehf. sem sækir um rekstrarleyfi til Sýslumannsins á Austurlandi vegna sölu á gistingu og veitingum í húsnæði Óbyggðasafnsins á Egilsstöðum.

4. Langhús.

Jónas Þorsteinsson leggur fram byggingarnefndarteikningar af sumarhúsi sem hann sækir um að byggja við sólpall sem kynntur var á fundi byggingarnefndar 28. júlí 2014. Húsið er óeinangrað smáhýsi úr 70 mm þykkum bjálkum (Húsasmiðjuhús). Helstu stærðir eru: L=7,70 m, b=4,34 m, flatarmál 33,4 m² og rúmmál 98,0 m³. Byggingarnefnd óskar eftir að fá sem fyrst lóðarleigusamning. Skv. upplýsingum Jónasar er hann í vinnslu á lokastigi nú þegar hefur mikill

meirihluti landeigenda undirritað hann og engin fyrirstaða að fá undirritun allra, en landeigendur eru nokkuð margir. Byggingarnefnd samþykkir framlagðar teikningar og veitir byggingarleyfi fyrir húsinu.

5. Skipulagslýsing fyrir svæðið norðan Geldingafells.

Kynnt var greinargerð ásamt uppdráttum fyrir svæðið norðan Geldingarfells. Svæðið er innan Fljótsdalshrepps en jafnframt innan Vatnajökulshljóðgarðs. Einnig var kynnt ákvæði í grein 6.2 í skipulagsreglugerð þar sem gerð er grein fyrir meðferð og kynningu á skipulagstillögum. Byggingar- og skipulagsnefnd gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við skipulagstillöguna og vísar henni í hefðbundið ferli skv. áðurnefndri grein í skipulagsreglugerð.

6. Melar.

Eyjólfur Ingvason bóndi á Melum leggur fram byggingarnefndarteikningar af fjárhúsbyggingu á jörðinni. Um er að ræða bogaskemmu á steiptum sökklum. Helstu stærðir eru: Lengd =20,00 m, breidd=10,00 m, flatarmál 200,0 m² og rúmmál 718,9 m³. Byggingarnefnd samþykkir framlagðar teikningar og veitir byggingarleyfi fyrir fjárhúsinu.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 17.

Fundarritari: Sveinn Þórarinsson

Sign: Eiríkur J. Kjerúlf
Helga H. Vigfúsdóttir
Jón Þór Þorvarðarson